

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/60/EB

2009/EES/25/04

frá 7. júlí 2006

um breytingu á viðaukunum við tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir trifloxýstróbín, þíabendasól, abamektín, benómýl, karbendasím, þiófanatmetýl, mýklóbútanýl, glýfosat, trímetylsúlfóníum, fenpróprímorf og klórmekvat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/642/EBE frá 27. nóvember 1990 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽¹⁾, einkum 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽²⁾, einkum f-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE bera aðildarríkin ábyrgð á því að leyfa plöntuvarnarefni til notkunar á tilteknar plöntur. Slík leyfi verða að byggjast á mati á áhrifum á heilbrigði manna og dýra og áhrifum á umhverfið. Við matið skal m.a. taka tillit til hugsanlegra váhrifa á þá sem nota efnið og aðra nálæga, áhrifa á umhverfi á landi, í vatni og í lofti, auk áhrifa á menn, sem neyta meðhöndlaðra plantna sem innihalda efnaleifar, og á dýr sem éta slíkar plöntur.
- 2) Hámarksgildi leifa endurspeglar notkun á minnsta magni varnarefna sem nægir til að verja plöntur, þannig að leifarnar verði eins litlar og komist verður af með og viðunandi er frá eiturefnafræðilegu sjónarmiði, einkum að því er varðar magn sem áætlað er að berist með fæðu.

- 3) Stöðugt ber að endurskoða hámarksgildi leifa fyrir varnarefni sem falla undir tilskipun 90/642/EBE og breyta má gildunum í því skyni að taka tillit til nýrrar eða breyttrar notkunar. Framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um upplýsingar um nýja eða breytta notkun sem mun leiða til breytinga á gildum fyrir efnaleifar hvað varðar trifloxýstróbín, þíabendasól, abamektín, benómýl-flokkinn (benómýl, karbendasím og þiófanatmetýl), mýklóbútanýl, glýfosat, trímetylsúlfóníum og fenpróprímorf.

- 4) Upplýsingar hafa borist framkvæmdastjórninni sem varða klórmekvat og réttlæta að sett verði bráðabirgðahámarksgildi fyrir leifar á perum til þriggja ára.

- 5) Ævilöng váhrif þessara varnarefna á neytendur frá matvælum, sem hugsanlegt er að innihaldi leifar þeirra, hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem er fylgt innan Bandalagsins, að teknu tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin gefur út.⁽³⁾ Í þessu mati var tekið mið af því að abamektín og þíabendasól eru einnig notuð sem lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manndis og að sett hafa verið hámarksgildi leifa fyrir þessi tvö efni í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90⁽⁴⁾. Ákvarða skal hámarksgildi leifa fyrir þessi varnarefni út frá þessu mati og úttektum til að tryggja að ekki sé farið yfir viðtekinn dagskammt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 9.8.2007, p. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 350, 14.12.1990, bls. 71. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/53/EB (Stjtið. ESB L 154, 8.6.2006, bls. 11).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/45/EB (Stjtið. ESB L 130, 18.5.2006, bls. 27).

⁽³⁾ Viðmiðunarreglur um áætlun á magni varnarefnaleifa sem berast með fæðu (endursk.), samdar af matvælasviði Alþjóðlega umhverfiseftirlitsins (GEMS/Food Programme) í samráði við Codex-nefndina um varnarefnaleifar, útg. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO/FSF/FOS/97.7).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar EB nr. 205/2006 (Stjtið. ESB L 34, 7.2.2006, bls. 21).

6) Viðmiðunarskammtur bráðrar eitrunar hefur verið skilgreindur fyrir benómýl, karbendasím, þiófanatmetýl, fenprópirmorf og klórmekvat og bráð váhrif þessara varnarefna frá hverri matvælagund, sem kann að innihalda leifar þessara varnarefna, á neytendur hafa verið metin í samræmi við þær reglur og venjur sem er fylgt innan Bandalagsins, að teknu tilliti til þeirra viðmiðunarreglna sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur gefið út. Tekið er tillit til álitísins vísindanefndarinnar um plöntur, einkum ráðlegginga og tilmæla um vernd þeirra sem neyta matvæla⁽¹⁾ sem hafa verið meðhöndluð með varnarefnum. Ákvarða skal hámarksgildi leifa fyrir þessum varnarefnum til að tryggja að ekki sé farið yfir viðtekinn dagskammt. Að því er varðar hin efnin hefur mat á fyrirliggjandi upplýsingum leitt í ljós að ekki er þörf á að ákvarða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar og að ekki er þörf á mati á váhrifum til skamms tíma.

7) Ef leyfileg notkun varnarefnis hefur ekki í för með sér greinanlegar varnarefnaleifar í eða á matvælunum eða ef engin notkun er leyfð eða ef notkun, sem aðildarríkin hafa leyft, hefur ekki verið studd nauðsynlegum gögnum eða ef notkun í þriðju löndum, sem hefur í för með sér efnaleifar í eða á matvælum sem kunna að fara í dreifingu á markaði Bandalagsins, hefur ekki verið studd nauðsynlegum gögnum skal ákvarða hámarksgildi leifa við neðri greiningarmörk.

8) Því þykir rétt að fastsetja ný hámarksgildi leifa fyrir þessum varnarefnum.

9) Setning eða breyting slíkra bráðabirgðahámarksgilda leifa innan Bandalagsins kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin ákvarði bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir glýfosat, trímetylsúlfóníum og trífloxýstróbín í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE og VI. viðauka við þá tilskipun. Talið er að fjögur ár séu nægjanlegur tími til þess að heimila viðtækari notkun þessara efna. Eftir það ættu bráðabirgðahámarksgildi leifa innan Bandalagsins að vera endanleg.

10) Úlfabauna er neytt sem fæðu í nokkrum aðildarríkjum. Leyfilegt er að nota glýfosfat á úlfabaunir. Því er nauðsynlegt að setja inn færsluna „úlfabaunir“ og að setja hámarksgildi leifa fyrir úlfabaunir til að vernda neytendur gegn miklum varnarefnaleifum á úlfabaunum.

11) Því ber að breyta tilskipun 90/642/EBE til samræmis við þetta.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 90/642/EBE er breytt sem hér segir:

1. í I. viðauka, í flokknum „3. Belgávextir“ er færslunni „Úlfabaunir“ bætt við á þann hátt að hugtökin „Öll afurðin“ í síðasta dálknum taki til allra færslanna fjögurra,

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. janúar 2007, að undanskildum ákvæðum fyrir benómýl-flokkinn og þiófanatmetýl sem þau skulu samþykka og birta eigi síðar en 14. september 2006 og fyrir klórmekvat eigi síðar en 31. júlí 2006.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 21. janúar 2007, að undanskildum ákvæðunum fyrir benómýl-flokkinn og þiófanatmetýl, þar sem ákvæðunum skal beitt frá 15. september 2006, og fyrir klórmekvat frá 1. ágúst 2006.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í heim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(¹) Álit varðandi spurningar um að breyta viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE (álit vísindanefndarinnar um plöntur, 14. júlí 1998); álit varðandi mismunandi varnarefnaleifar í ávöxtum og grænmeti (álit vísindanefndarinnar um plöntur, 14. júlí 1998) http://europa.eu.int/comm/food/fs/sc/scp/outcome_ppp_en.html

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 90/642/EBE er breytt sem hér segir:

- í færslunni um klórmekvat á perum komi eftirfarandi í stað neðanmálsgreinar t: „Bráðabirgðahámarksgildi leifa er ákvarðað 0,2 mg/kg og gildir til 31. júlí 2009“,
- í A-hluta kemur eftirfarandi í stað dálkanna fyrir trifloxýstróbín, þíabendasól, abamektín, benómýl, karbendasím, þíofanatmetýl, mýklóbútanyl, glýfosat, trímetylsúlfóníum og fenprópirorf:

«	Varnarefnaeif og hámarksgildi leifa (mg/kg)								
Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Trifloxýstróbín	Þíabendasól	Abamektín (summa avermektíns B1a, avermektíns B1b og delta-8,9 myndbrigðis avermektíns B1a)	Summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím	Þíofanatmetýl	Mýklóbútanyl	Glýfosat	Trímetylsúlfóníum, plúsíón sem verður til vegna notkunar glýfosats	Fenprópirorf
„1. Aldin, ný, þurrkuð eða ósoðin, varin skemmdum með frystingu, án viðbættis sykurs; hnetur									
i) SÍTRUSÁVEXTIR	0,3 (*) ^(P)	5	0,01 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	3			0,05 (*)
Greipaldin									
Sítrónur									
Súraldin (límónur)									
Mandarínur (þ.m.t. klementínur og aðrir blendingar)							0,5 (*) ^(P)	0,5 (*) ^(P)	
Appelsínur							0,5 (*) ^(P)	0,5 (*) ^(P)	
Pómelónur									
Annað							0,1 (*) ^(P)	0,05 (*) ^(P)	
ii) TRJÁHNETUR (í skurn eða skurnlausar)	0,02 (*) ^(P)	0,1 (*)	0,02 (*)	0,1 (*)	0,2	0,05 (*)	0,1 (*) ^(P)	0,05 (*) ^(P)	0,05 (*)
Möndlur									
Parahnetur									
Kasúhnetur									
Kastaníuhnetur									
Kókoshnetur									
Heslihnetur									
Goðahnetur (makadamíuhnetur)									
Pekanhnetur									

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksildi leifa (mg/kg)								
	Trifloxýstróbin	Piabendásól	Abamektín (summa avermektíns B1a, avermektíns B1b og delta-8,9, ísómera avermektíns B1a)	Summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím	Þiófanatmetýl	Myklóbútanyl	Glýfosat	Trímetylsúlfóníu m, plúsíón sem verður til vegna notkunar glýfosats	Fenprópmorf
Furuhnetur									
Pistasíuhnetur									
Valhnetur									
Annað									
iii) KJARNAÁVEXTIR	0,5 ^(P)		0,01 (*)	0,2	0,5	0,5	0,1 (*) ^(P)	0,05 (*) ^(P)	0,05 (*)
Epli		5							
Perur		5							
Kveði									
Annað		0,05 (*)							
iv) STEINALDIN		0,05 (*)	0,01 (*)				0,1 (*) ^(P)	0,05 (*) ^(P)	0,05(*)
Apríkósur	1 ^(P)			0,2	2	0,3			
Kirsuber	1 ^(P)			0,5	0,3	1			
Ferskjur (þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar)	1 ^(P)			0,2	2	0,5			
Plómur	0,2 ^(P)			0,5	0,3	0,5			
Annað	0,02 (*) ^(P)			0,1 (*)	0,1 (*)	0,02 (*)			
v) BER OG ÖNNUR SMÁ ALDIN		0,05 (*)						0,05 (*) ^(P)	
a) Vínber og þrúgur	5 ^(P)		0,01 (*)			1	0,5 ^(P)		0,05 (*)
Vínber				0,3	0,1 (*)				
Þrúgur				0,5	3				
b) Jarðarber (önnur en villt)	0,5 (*) ^(P)		0,1	0,1 (*)	0,1 (*)	1	0,1 (*) ^(P)		1
c) Klungurber (önnur en villt)	0,02 (*) ^(P)			0,1 (*)	0,1 (*)		0,1 (*) ^(P)		1
Brómber			0,1			1			
Daggarber (elgsber)									
Logaber									
Hindber			0,1			1			
Annað			0,01 (*)			0,02 (*)			

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leiða á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leiða (mg/kg)								
	Trifloxýstróbin	Þiabendasól	Abamektín (summa avermektíns B1a, avermektíns B1b og delta-8,9, isómera avermektíns B1a)	Summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím	Þiófanatmetýl	Mýklóbútanýl	Glýfosat	Trímetylsúlfóníu m, plúsíón sem verður til vegna notkunar glýfosasts	Fenprópímorf
d) Önnur smá aldin og ber (önnur en villt)			0,01 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)		0,1 (*) ^(p)		1
Aðalbláber									
Trönuber									
Rífsber (rauð og hvít) og sólber	1 ^(p)					1			
Garðaber	1 ^(p)					1			
Annað	0,02 (*) ^(p)					0,02 (*)			
e) Villt ber og önnur aldin	0,02 (*) ^(p)		0,01 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,02 (*)	0,1 (*) ^(p)		0,05 (*)
vi) ÝMISLEGT			0,01 (*)						
Lárperur		15							
Banarar	0,05 ^(p)	5				2			2
Döðlur									
Fikjur									
Kíví									
Dvergappelsínur									
Litkaber									
Mangó		5							
Ólífur (til átu)									
Ólífur (til olíuframleiðslu)							1 ^(p)	1 ^(p)	
Papæjaldin		10		0,2	1				
Píslaraldin									
Ananas									
Granatepli									
Annað	0,02 (*) ^(p)	0,05 (*)		0,1 (*)	0,1 (*)	0,02 (*)	0,1 (*) ^(p)	0,05 (*) ^(p)	0,05 (*)

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaeif og hámarksgildi leifa (mg/kg)								
	Trifloxýstróbin	Diabendasól	Abamektín (summa avermektíns B1a, avermektíns B1b og delta-8,9, isómera avermektíns B1a)	Summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím	Þiófanatmetýl	Myklóbútanýl	Glyfosat	Trímetylsúlfóníu m, plúsíón sem verður til vegna notkunar glyfosats	Fenprópirorf
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, fryst eða þurrkað									
i) RÓTARÁVEXTIR OG HNÝÐI	0,02 (*) (P)		0,01 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)		0,1 (*) (P)	0,05 (*) (P)	0,05 (*)
Rauðrófur									
Gulrætur						0,2			
Kassava		15							
Hnúðsilla									
Piparrót						0,2			
Ætíffíll									
Nípur						0,2			
Steinseljurót						0,2			
Hreðkur									
Hafursrót									
Sætuhnúðar		15							
Gulrófur									
Næpur									
Kínakartöflur		15							
Annað		0,05 (*)				0,02 (*)			
ii) LAUKAR	0,02 (*) (P)	0,05 (*)	0,01 (*)	0,1 (*)	0,1 (*)	0,02 (*)	0,1 (*) (P)	0,05 (*) (P)	0,05 (*)
Hvítlaukur									
Laukur									
Skalottlaukur									
Vorlaukur									
Annað									
iii) ALDINGRÆNMETI		0,05 (*)					0,1 (*) (P)	0,05 (*) (P)	0,05 (*)
a) Náttskuggaætt									
Tómatar	0,5 (P)		0,02	0,5	2	0,3			

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksgildi leifa (mg/kg)								
	Trifloxýstróbin	Þiabendasól	Abamektín (samtala avermektíns B1a, avermektíns B1b og delta-8,9, isómera avermektíns B1a)	Summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím	Þiófanatmetýl		Glýfosat		Fenprópmorf
Grænkál									
Annað									
d) Hnúðkál		0,05 (*)		0,1 (*)	0,1 (*)				0,05 (*)
v) BLAÐGRÆNMETI OG FERSKAR KRYDDJURTIR	0,02 (*) (P)	0,05 (*)		0,1 (*)	0,1 (*)		0,1 (*) (P)	0,05 (*) (P)	0,05 (*)
a) Salat og áþekkt grænmeti			0,1						
Karsi									
Lambasalat						5			
Salat									
Vetrarsalat (salatfífill með breiðum blöðum)									
Klettasalat									
Lauf og stílkur af káli									
Annað						0,02 (*)			
b) Spínat og áþekkt grænmeti			0,01 (*)			0,02 (*)			
Spínat									
Strandblaðka									
Annað									
c) Brunnerla			0,01 (*)			0,02 (*)			
d) Jólasalat		1	0,01 (*)			0,02 (*)			
e) Kryddjurtir			0,01 (*)			0,02 (*)			
Kerfill									
Graslaukur									
Steinselja									
Blaðsellerí									
Annað									
vi) BELGÁVEXTIR (ferskir)		0,05 (*)	0,01 (*)				0,1 (*) (P)	0,05 (*) (P)	0,05 (*)
Baunir (með fræbelg)	0,5 (P)			0,2	0,1 (*)	0,3			

Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksildi leifa á við um	Varnarefnaleif og hámarksildi leifa (mg/kg)								
	Trifloxýstróbin	Diabendasól	Abamektín (summa avermektíns B1a, avermektíns B1b og delta-8,9, isómera avermektíns B1a)	Summa benómýls og karbendasíms, gefin upp sem karbendasím	Þiófanatmetýl		Glyfósat		Fenprópirorf
Sólblómafræ							20 ^(p)		
Repjufræ							10 ^(p)		
Sojabaunir				0,2	0,3		20 ^(p)	10 ^(p)	
Mustarðskorn							10 ^(p)		
Baðmullarfræ							10 ^(p)		
Hampfræ									
Annað				0,1 ^(*)	0,1 ^(*)		0,1 ^(*) ^(p)	0,05 ^(*) ^(p)	
5. Kartöflur	0,02 ^(*) ^(p)		0,01 ^(*)	0,1 ^(*)	0,1 ^(*)	0,02 ^(*)	0,5 ^(p)	0,05 ^(*) ^(p)	0,05 ^(*)
Summarkartöflur		0,05 ^(*)							
Kartöflur af haustuppskeru		15							
6. Te (þurrkuð lauf og stíkar, einnig gerjuð, <i>Camellia sinensis</i>)	0,05 ^(*) ^(p)	0,1 ^(*)	0,02 ^(*)	0,1 ^(*)	0,1 ^(*)	0,05 ^(*)	2 ^(p)	0,05 ^(*) ^(p)	0,1 ^(*)
7. Humlar (þurrkaðir), þ.m.t. humlaköggjar og óþykkt duft	30 ^(p)	0,1 ^(*)	0,05	0,1 ^(*)	0,1 ^(*)	2	0,1 ^(*) ^(p)	0,05 ^(*) ^(p)	10

(*) Neðri greiningarmörk.

(p) Sýnir að hámarksildi leifa hefur verið ákvarðað til bráðabirgða í samræmi við f-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 91/414/EBE.“